

Nefndasvið Alþingis

28. nóvember 2014

Efni: Umsögn framkvæmdastjórnar Sjúkrahússins á Akureyri um tillögu til þingsályktunar, þingskjal nr. 39.

Tillaga til þingsályktunar, þingskjal nr. 39, 144. löggjafarþing 2014-2015: Um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins.

Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri lýsir yfir ánægju sinni með framlagða þingsályktunartillögu um langtíma uppbyggingu heilbrigðiskerfisins.

- a) Í svo mikilvægum og flóknum málaflokki er mikilvægt að setja langtímamarkmið svo hægt sé að byggja upp þjónustuna á skynsamlegan og hagkvæman hátt.
- b) Taka þarf tillit til þeirrar þróunar sem fyrirsjáanleg er í heilbrigðismálum í meðferð, tækniþróun og aldurssetningu íslensku þjóðarinnar.
- c) Þá þarf einnig að tryggja öllum landsmönnum eins jafnan aðgang að bestu þjónustu sem tiltæk er á hverjum tíma og unnt er.
- d) Sjúkrahúsið á Akureyri er miðstöð sérhæfðar heilbrigðisþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Það hefur einnig sérstökum skyldum að gegna sbr. 21 gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Þar er áralöng reynsla og yfirgripsmikil þekking á samhæfingu og skipulagi heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Sjúkrahúsið er reiðubúið að leggja ofanefndri framkvæmdaáætlun lið verði eftir því óskað.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar



Bjarni Jónasson, forstjóri